

## Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Teams
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	4. september 2023
<i>Fundarritari:</i>	Þórður Heimir Sveinsson	<i>Fundartími:</i>	10:00-11:45

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir/formaður Fisksjúkdómanefndar), Hildur Jana Júlíusdóttir (f.h. Fiskistofu, varamaður), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Jónas Páll Jónasson (f.h. Hafró, varamaður), Gísli Jónsson (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun).

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun.

## Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaelði.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi í Kvígindisdal í Patreksfirði: Að umfjöllun lokinni komst fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla ekki með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun í Patreksfirði. Þar eru lúsatölur vissulega háar, en verið er að slátra upp af svæðinu og er áætlað að þeirri framkvæmd verði lokið um miðjan september. Út frá umhverfis- og velferðarsjónarmiðum fiskisins hníga flest rök að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að meðhöndla með lúsalyfi. Um sé að ræða neyðarráðstöfun sem nái ekki tilgangi sínum fáum dögum fyrir slátrun.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi í Hvannadal í Tálknafirði: Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) og að hluta til Slice (Emamectin) lúsalyfi í Laugardal í Tálknafirði: Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mæli Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi í Hvestu í Arnarfirði: Að mati nefndarinnar er síðasta niðurstaða lúsatalningar á umræddu eldssvæði ekki þannig vaxin að ástæða sé til lyfjameðhöndlunar að sinni. Nefndin mælir með að afgreiðslu umsóknar verði frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir. Nefndin leggur áherslu á að áfram verði fylgst með fjölda sníkjudýra á eldissvæðinu með vikulegum talningum og að gripið verði til viðeigandi ráðstafana ef svo ber undir.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi í Hringsdal í Arnarfirði: Að mati nefndarinnar er síðasta niðurstaða lúsatalningar á umræddu eldssvæði ekki þannig vaxin að ástæða sé til lyfjameðhöndlunar að sinni. Nefndin mælir með að afgreiðslu umsóknar verði frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir. Nefndin leggur áherslu á að áfram verði

fylgst með fjölda sníkjudýra á eldissvæðinu með vikulegum talningum og að gripið verði til viðeigandi ráðstafana ef svo ber undir.

Í lok fundar var kynnt eldra erindi er varðar innflutning á styrju, en lokaafgreiðslu var frestað í ljósi þess að varamenn höfðu ekki átt þess kost að kynna sér málið fyrir fundinn auk þess sem beðið er eftir endanlegri umsókn með ítarlegri upplýsingum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:45